

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Afkvæmarannsóknir 2020

Niðurstöður afkvæmarannsókna í sauðfjárrækt á vegum bænda

Eyþór Einarsson og Árni B. Bragason

Um afkvæmarannsóknir 2020

Í þessari samantekt eru birtar niðurstöður fyrir allar afkvæmarannsóknir á vegum bænda sem teljast jafnframt uppfylla skilyrði Fagráðs í sauðfjárrækt um að teljast styrkhæfar. Að vanda fylgir með stuttur texti þar sem ættir og afrek efstu hrúta í hverri rannsókn eru rakin. Þá eru tvær töflur hér að neðan þar sem listaðir eru upp þeir hrútar sem gerðu mest útslag, annarsvegar út frá heildareinkunn (tafla 1) og hinsvegar út frá kjötmatseinkunn (tafla 2).

Afkvæmarannsóknir – til hvers?

Tilgangur afkvæmarannsókna í sauðfjárrækt er að meta á einfaldan hátt kynbótagildi hrúta sem lambafeðra. Á síðustu árum hefur verið lögð áhersla á að menn noti þessa aðferð til að meta veturgömlu hrútana og grisja úr þeim á grunni afkvæmadómsins.

Niðurstöður afkvæmarannsókna eru misöruggar eftir því hvernig er staðið að framkvæmdinni og verða bændur ætíð að horfa á niðurstöður með það í huga hversu samanburðarhæfir hóparnir eru. Þeir sem standa best að þessari vinnu hafa mest gagn af niðurstöðunum. Afkvæmarannsókn ætti að undirbúa fyrir fengitið. Prófunarhrútarnir þurfa að fá sem líkasta ærhópa að aldri og gæðum. Reynt skal að hafa sem flesta af lambhrútunum með og til viðmiðunar er gott að prófa þá á móti einhverjum af bestu lambafeðrum búans. Síðan þegar niðurstöður mælinga eru gerðar upp er best að nota afkvæmi sem eru öll af sama kyni og hafa fengið svipað atlæti. Vera t.d. ekki með inni í uppgjörinu lömb sem ganga sem einlembingar, marglembingar eða hafa misgengist. Þetta er sérstaklega mikilvægt ef aðeins fá lömb eru í hverjum samanburðarhópi.

Reiknaðar eru þrjár einkunnir fyrir hvern hrút í uppgjörinu. Það er fyrir fallþunga, kjötmatсниðurstöðu og úr líflambaskoðuninni. Þær vega síðan allar jafnt í heildareinkunn. Einkunnin segir til um það hversu mikið útslag hrúturinn gerir í þessum tiltekna samanburði og því er erfitt að bera niðurstöður saman á milli afkvæmarannsókna. Það er samt ljóst að þeir hrútar sem fá háa einkunn eru athyglisverðir og a.m.k. yfirburðagripir á viðkomandi búi fyrir einhvern af þeim eiginleikum sem þarna er verið að leggja mat á.

Umfang

Haustið 2020 voru 77 afkvæmarannsóknir sem teljast styrkhæfar samkvæmt verkefninu „Afkvæmarannsóknir bænda á hrútum haustið 2020“. Eingöngu er greiddur styrkur út á veturgamla hrúta (hrúta fædda árið 2019) og eru þeir nú 481 talsins. Heildarfjöldi afkvæmahópa var 777 hópar. Þátttakan hefur aukist aðeins frá síðasta ári en þá voru 420 veturgamlir hrútar gerðir upp í 72 afkvæmarannsóknum.

Reglur

Skilyrði fyrir styrkhæfri afkvæmarannsókn haustið 2020:

- Að lágmarki 5 hrútar í samanburði og þar af a.m.k. 4 veturgamlir (fæddir 2019).
- Hver hrútur eigi að lágmarki 8 afkvæmi af sama kyni ómmæld og stiguð og a.m.k. 15 afkvæmi með kjötmatsupplýsingar.
- Hrútarnir skulu notaðir á sem jafnasta ærhópa þar sem aldur er blandaður. Ekki er tekinn gildur afkvæmadómur hrúta sem eingöngu eru notaðir á veturgamlar ær nema allir hrútarnir í samanburðinum séu notaðir á veturgamlar ær (gemlinga).
- Að gengið sé frá uppgjöri afkvæmarannsóknar í Fjávís.is.
- Styrkupphæð miðar við 5.000 kr. á hvern veturgamlan hrút.

1. tafla. Hrútar með 120 stig eða fleiri í heildareinkunn.

Bú	Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Svarfhóll, Laxárdal		18-502	Svali	14-071	114,7	123,7	168,9	135,8	19,3	11,5	7,0	31,5	2,6	17,8	148,8
Skarðaborg, Reykjahverfi	Suddi	17-120	Kappi	14-143	100,7	153,1	150,6	134,8	17,7	12,4	7,0	31,9	2,4	17,9	138,6
Hvammur, Lóni	Svartur	17-455	Klettur	13-962	105,8	131,1	151,1	129,4	16,3	10,4	5,9	30,7	2,1	17,5	148,5
Forsæludalur, Vatnsdal	Glókollur	19-372	Biti	18-509	100,9	144,1	137,7	127,6	16,5	11,1	5,9	30,6	3,6	18,2	142,7
Forsæludalur, Vatnsdal	Skuggi	19-373	Rosi	18-512	104,4	133,5	143,6	127,2	16,7	11,0	6,2	31,6	3,6	18,2	134,0
Helgustaðir, Fljótum	Márus	19-050	Grámann	16-050	100,2	133,5	145,4	126,4	18,5	9,4	5,8	29,0	2,5	17,6	138,9
Deildartunga, Reykholtssdal	Angi	19-326	Strangi	18-689	97,5	135,2	142,5	125,1	17,9	10,3	6,3	31,0	3,0	17,7	147,4
Árgerði, Sæmundarhlíð	Pinni	18-343	Guðni Már	17-091	108,5	120,1	145,1	124,5	19,8	11,5	7,5	33,3	4,0	18,6	127,2
Staður 2, Reykhólasveit		19-061	Jesper	14-082	122,0	117,4	133,9	124,4	19,4	10,6	6,3	30,2	3,2	17,6	138,3
Hríshóll, Eyjafirði	Goði	19-749	Stormur	16-004	105,0	147,6	120,2	124,3	21,3	12,8	7,5	32,2	3,6	18,3	145,6
Skörð, Miðdölum		18-054	Bjartur	15-967	136,9	100,9	134,2	124,0	18,8	9,9	6,9	31,5	2,9	17,9	151,5
Gýgjarhólskot, Biskupstungum	Hverfugl	18-247	Fossróful.	17-239	95,4	139,4	136,3	123,7	23,2	11,7	6,6	33,6	2,8	18,3	162,4
Litlu-Reykir, Reykjahverfi	Kambur	16-038	Grímur	14-955	100,9	125,2	144,1	123,4	18,8	12,4	7,8	36,0	3,0	18,7	142,5
Innri-Múli, Barðaströnd	Dabbi	18-326	Sæmi	17-338	115,0	131,9	120,8	122,6	18,6	12,3	6,8	28,8	2,7	18,5	139,8
Miðdalur, Skagafirði	Broddi	19-716	Hnikill	18-053	97,5	138,5	131,7	122,6	17,3	10,5	6,5	30,1	2,4	17,9	142,5
Bustarfell, Vopnafirði	Birtingur	19-105	Skuggi	18-293	89,6	144,3	133,5	122,4	17,3	10,1	5,3	30,8	2,8	17,5	133,3
Bárðartjörn, Grýtubakkahreppi	Surtur	19-468	Durtur	16-994	112,1	113,5	140,7	122,1	16,8	9,8	6,5	32,9	2,5	18,2	130,9
Forsæludalur, Vatnsdal	Þróttur	19-371	Logi	18-513	110,0	142,2	114,0	122,1	17,1	10,8	5,6	28,8	2,8	17,5	136,3
Mýrar 2, Hrótafirði	Viður	19-164	Stofn	17-667	112,8	121,5	129,9	121,4	21,0	12,7	8,1	30,7	2,3	18,0	145,2
Laxárdalur, Hrótafirði	Siggi	19-355	Fáfnir	16-995	86,3	127,1	150,0	121,1	17,0	10,4	6,3	35,1	2,8	17,6	135,6
Þóroddsstaðir, Hrótafirði	Reki	18-051	Dreki	13-953	101,8	130,3	130,8	121,0	17,9	11,0	5,7	32,8	2,7	17,5	142,8
Sámstaðir, Hvítársíðu	Vestri	19-298	Mávur	15-990	104,2	122,1	135,8	120,7	17,3	11,1	6,2	30,1	2,4	17,7	132,1
Skerðingsstaðir, Hvammssveit	Purkur	19-237	Fáfnir	16-995	103,6	135,4	122,7	120,5	16,9	9,9	5,4	29,1	2,5	17,6	143,0
Svalbarð/Kringla, Miðdölum	Siggi feiti	19-636	Sjjobbi	18-085	123,9	121,1	116,1	120,4	18,5	11,1	7,0	29,7	2,4	17,7	130,5
Rauðholt, Hjaltastaðabíngá	Haukur	18-449	Trefill	17-435	100,5	147,6	112,7	120,3	17,7	10,4	6,4	32,1	2,8	17,6	145,6
Bárðartjörn, Grýtubakkahreppi	Hreinn	16-451	Svimi	14-956	102,8	138,6	118,7	120,0	16,0	10,2	6,1	31,4	2,8	18,1	139,0
Haukatunga syðri 2, Kolbeinsthr.	Pendúll	18-538	Leynir	16-522	97,5	119,8	142,7	120,0	17,3	11,4	6,3	30,8	2,6	18,3	157,6
Þóroddsstaðir, Hrótafirði	Kappi	16-839	Höfðingi	10-919	102,9	134,9	122,0	120,0	18,0	11,8	6,3	32,4	2,6	17,7	137,1
Hrífla, Þingeyjarsveit	Sorti	18-068	Njörður	15-991	87,8	118,9	153,1	119,9	16,6	10,3	6,9	33,4	2,5	18,3	133,5
Ketilseyri, Dýrafirði	Veltir	19-054	Fleygur	17-061	91,9	133,9	134,0	119,9	16,3	11,0	6,0	29,7	3,2	17,6	130,9

2. tafla. Hrútar með 125 stig eða fleiri samkvæmt kjötmatseinkunn

Bú	Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Eink. Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Skarðaborg, Reykjahverfi	Suddi	17-120	Kappi	14-143	100,7	153,1	150,6	134,8	17,7	12,4	7,0	31,9	2,4	17,9	138,6
Hríshóll, Eyjafirði	Goði	19-749	Stormur	16-004	105,0	147,6	120,2	124,3	21,3	12,8	7,5	32,2	3,6	18,3	145,6
Rauðholt, Hjaltastaðapinghá	Haukur	18-449	Trefill	17-435	100,5	147,6	112,7	120,3	17,7	10,4	6,4	32,1	2,8	17,6	145,6
Bustarfell, Vopnafirði	Birtingur	19-105	Skuggi	18-293	89,6	144,3	133,5	122,4	17,3	10,1	5,3	30,8	2,8	17,5	133,3
Forsæludalur, Vatnsdal	Glókollur	19-372	Biti	18-509	100,9	144,1	137,7	127,6	16,5	11,1	5,9	30,6	3,6	18,2	142,7
Forsæludalur, Vatnsdal	Þróttur	19-371	Logi	18-513	110,0	142,2	114,0	122,1	17,1	10,8	5,6	28,8	2,8	17,5	136,3
Gýgjarhólskot, Biskupstungum	Hverfugl	18-247	Fossrófulæ	17-239	95,4	139,4	136,3	123,7	23,2	11,7	6,6	33,6	2,8	18,3	162,4
Bárðartjörn, Grýtubakkahreppi	Hreinn	16-451	Svimi	14-956	102,8	138,6	118,7	120,0	16,0	10,2	6,1	31,4	2,8	18,1	139,0
Miðdalur, Skagafirði	Broddi	19-716	Hnikill	18-053	97,5	138,5	131,7	122,6	17,3	10,5	6,5	30,1	2,4	17,9	142,5
Rauðholt, Hjaltastaðapinghá	Kuti	19-464	Vákur	18-448	106,4	136,2	105,1	115,9	18,2	10,5	6,4	31,2	2,4	17,5	137,4
Skerðingsstaðir, Hvammssveit	Purkur	19-237	Fáfnir	16-995	103,6	135,4	122,7	120,5	16,9	9,9	5,4	29,1	2,5	17,6	143,0
Deildartunga, Reykholtssdal	Angi	19-326	Strangi	18-689	97,5	135,2	142,5	125,1	17,9	10,3	6,3	31,0	3,0	17,7	147,4
Grænahlíð, Arnarfirði	Postuli	17-668	Alur	16-529	101,4	135,1	120,6	119,0	18,1	11,9	7,0	30,0	3,8	17,7	131,3
Þverá, Reykjahverfi	Stubbur	19-307	Suddi	17-120	102,9	135,0	117,2	118,3	15,6	10,6	6,1	29,8	1,9	17,3	143,0
Þóroddsstaðir, Hnútafirði	Kappi	16-839	Höfðingi	10-919	102,9	134,9	122,0	120,0	18,0	11,8	6,3	32,4	2,6	17,7	137,1
Ketilseyri, Dýrafirði	Veltir	19-054	Fleygur	17-061	91,9	133,9	134,0	119,9	16,3	11,0	6,0	29,7	3,2	17,6	130,9
Forsæludalur, Vatnsdal	Skuggi	19-373	Rosi	18-512	104,4	133,5	143,6	127,2	16,7	11,0	6,2	31,6	3,6	18,2	134,0
Helgustaðir, Fljótum	Márus	19-050	Grámann	16-050	100,2	133,5	145,4	126,4	18,5	9,4	5,8	29,0	2,5	17,6	138,9
Laxarárdalur, Hnútafirði	Guffi	19-352	Bergson	14-986	90,9	133,5	121,6	115,3	17,5	10,8	6,6	33,0	3,5	17,8	140,0
Sölvabakki, Refasveit	Teddi	18-088	Fiddi	16-070	94,5	132,6	100,7	109,3	19,0	12,0	7,1	31,6	4,1	17,9	131,7
Innri-Múli, Barðaströnd	Dabbi	18-326	Sæmi	17-338	115,0	131,9	120,8	122,6	18,6	12,3	6,8	28,8	2,7	18,5	139,8
Hvammur, Lóni	Svartur	17-455	Klettur	13-962	105,8	131,1	151,1	129,4	16,3	10,4	5,9	30,7	2,1	17,5	148,5
Litlu-Reykir, Reykjahverfi	Sveipur	17-053	Kambur	16-038	97,2	130,7	105,3	111,1	18,4	12,9	7,7	35,9	3,9	18,5	134,7
Innri-Múli, Barðaströnd	Orri	18-336	Spakur	16-302	115,4	130,6	95,9	114,0	18,6	11,5	6,1	27,8	2,5	18,0	139,9
Þóroddsstaðir, Hnútafirði	Reki	18-051	Dreki	13-953	101,8	130,3	130,8	121,0	17,9	11,0	5,7	32,8	2,7	17,5	142,8
Ríp, Hegranesi	Kalli	19-246	Krókur	18-246	98,4	128,8	124,6	117,3	18,0	11,6	7,4	32,0	2,5	18,2	152,9
Þverá, Reykjahverfi	Þjassi	19-300	Mávur	15-990	95,4	128,6	104,8	109,6	14,9	9,2	5,1	29,6	2,4	17,4	139,5
Haukatunga syðri 2, Kolbeinshtr.	Máttur	19-547	Mávur	15-990	94,2	127,5	112,4	111,4	17,0	11,2	5,8	28,9	2,2	17,7	160,4
Laxárdalur, Hnútafirði	Siggi	19-355	Fáfnir	16-995	86,3	127,1	150,0	121,1	17,0	10,4	6,3	35,1	2,8	17,6	135,6
Þóroddsstaðir, Hnútafirði	Fingur	19-054	Putti	18-053	100,8	127,1	105,7	111,2	17,8	11,2	6,0	31,2	2,8	17,5	135,9
Haukatunga syðri 2, Kolbeinshtr.	Eldur	18-541	Vafi	16-518	97,0	126,6	128,1	117,2	17,2	11,6	6,2	29,0	2,4	18,4	156,2
Innri-Múli, Barðaströnd	Þór	19-307	Spakur	16-302	104,1	126,3	125,7	118,7	17,7	11,5	6,3	29,9	2,6	18,0	138,8
Eiríksstaðir, Berufirði	Þrasi	19-008	Fáfnir	16-995	102,6	125,7	116,6	114,9	18,3	10,9	6,4	32,5	2,7	17,8	138,8
Oddsstaðir, Lundarreykjadal	Tjaldur	19-148	Mávur	15-990	98,6	125,6	92,2	105,5	18,4	11,3	5,7	28,4	2,4	17,4	150,8
Innri-Múli, Barðaströnd	Segull	19-303	Flotti	14-309	104,8	125,6	66,3	98,9	17,8	11,4	6,2	25,7	2,6	17,8	135,4
Valdasteinsstaðir, Hnútafirði	Bergvin	17-471	Bergson	14-986	100,9	125,4	119,8	115,4	18,0	11,0	5,9	32,7	3,1	17,5	138,1
Hríshóll, Eyjafirði	Bangsi	18-775	Tumi	14-002	102,8	125,4	108,2	112,1	21,1	11,0	6,5	31,5	3,1	17,8	139,8
Mýrar 2, Hnútafirði	Myrkvi	18-132	Mjölnir	16-828	93,6	125,2	98,7	105,9	19,5	12,0	7,5	29,0	1,9	17,5	146,3
Litlu-Reykir, Reykjahverfi	Kambur	16-038	Grímur	14-955	100,9	125,2	144,1	123,4	18,8	12,4	7,8	36,0	3,0	18,7	142,5
Skerðingsstaðir, Hvammssveit	Naggur	19-238	Toppur	15-231	95,0	125,2	96,1	105,5	16,1	9,7	5,8	27,6	2,8	17,5	146,3
Hrífla, Þingeyjarsveit	Krókur	19-069	Hrókur	18-067	103,6	125,1	116,2	115,0	17,7	11,1	7,5	31,8	2,6	18,1	141,2
Þorgautsstaðir 2, Hvítársíðu	Skuggi	19-173	Malli	12-960	102,2	124,9	97,8	108,3	16,2	10,0	5,1	27,0	1,9	17,4	139,0
Nýpugarðar, Mýrum		12-530	Hergill	08-870	101,6	124,7	120,3	115,5	15,8	10,1	6,1	30,6	2,7	17,4	151,4

Kjósarsýsla

Kiðafell, Kjósarhreppi

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Njálar	19-003	Guðni	17-814	105,9	104,6	109,0	106,5	21,3	10,6	7,5	30,2	4,1	17,8	145,1
Bergþór	19-004	Sprengisandu	17-004	98,9	101,8	114,7	105,2	20,7	11,0	8,1	31,4	4,7	18,4	136,3
Kerhóll	17-006	Kynnir	16-005	108,9	99,2	104,6	104,2	21,4	10,4	7,6	31,0	4,6	18,1	136,8
Botnar	19-002	Fáfir	16-995	81,9	114,4	85,4	93,9	19,3	11,2	7,8	28,6	4,0	17,6	143,3
Brákar	19-005	Kerhóll	17-006	101,3	83,6	84,6	89,8	20,9	10,8	8,5	28,7	4,3	17,9	138,7
							Meðaltal	20,8	10,8	7,9	30,1	4,3	18,0	139,4

Hér eru í samanburði fimm hrútar og eru afkvæmi þeirra heilt yfir ákaflega væn og vel gerð en sumir afkvæmahóparnir orðnir óþarflega feitir. Njálar 19-003 undan Guðna 17-814 frá Miðdalsgröf stendur efstur í heildareinkunn. Sláturlömb undan Njálari eru 0,5 kg yfir meðaltali í fallþunga, gerðin í tæpu meðallagi rannsóknarinnar en fitan sú minnsta. Móðir hans er að stórum hluta ættuð frá Húsavík við Steingrímsfjörð. Bergþór 19-004 er ögn lægri í heildareinkunn en sterkari hrútur en Njálar gagnvart gerð og þykkt bakvöðvans. Bergþór er hyrndur og rekur m.a. ættir í Kölska 10-920 frá Svínafelli og Púka 06-807 frá Bergsstöðum en einnig kollinn Hnall 12-934 frá Broddanesi. Hrúturinn í þriðja sæti, Kerhóll 17-006, hefur reynst öflugur kynbótahrútur á Kiðafelli síðustu ár en hann er sonarsonur Krapa 13-940 frá Innri-Múla en dóttursonur Grábotna 06-833 frá Vogum.

Borgarfjarðarsýsla

Arnþórsholt í Lundarreykjadal

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Rjómaís	19-124	Spakur	14-801	95,7	112,5	130,6	113,0	17,9	10,0	7,3	30,2	2,4	17,1	151,4
Bandit	19-122	Glæpon	17-809	100,1	103,4	117,4	106,9	18,3	10,2	7,9	29,4	2,3	16,9	153,1
GráKolli	17-124	Ebiti	13-971	116,3	96,0	92,4	101,6	20,0	9,7	7,4	28,3	2,8	16,9	154,3
Rapp	18-124	Klettur	15-743	101,1	102,9	99,3	101,1	18,4	9,4	7,1	28,5	2,4	16,6	156,6
Smokey	19-121	Reykur	14-812	99,2	100,0	101,5	100,3	18,2	9,6	7,4	28,3	2,3	16,9	153,8
Tannlaus	19-123	Fáfir	16-995	100,8	100,9	87,6	96,4	18,4	9,8	7,5	27,5	2,4	16,7	155,5
Olli	18-121	Molli	17-125	86,1	81,7	63,6	77,1	16,8	8,9	7,7	25,9	2,5	16,3	152,9
							Meðaltal	18,3	9,7	7,5	28,4	2,4	16,8	154,0

Rjómaís 19-124 stendur hér nokkuð afgerandi efstur. Yfirburði sína sækir hann að stórum hluta í mat á lifandi lömbum, en dætur hans mælast með afgerandi þykkasta bakvöðvann og stigast best fyrir framtíð og læri. Gerð sláturlamba er sú næstbesta og fita aðeins undir meðaltalinu. Rjómaís er undan Spak 14-801

frá Oddsstöðum og móðurfaðir hans er Bekri 12-911 frá Hesti. Bandit 19-122 sonur Glæpons 17-809 frá Hesti sýnir talsverða yfirburði í mati á lifandi lömbum og þar fyrst og fremst í ómmælingahluta þess. Bandit skilar bestri gerð sláturlamba en þau eru jafnframt feitasti sláturlambahópurinn. Grákolli 17-124 sonur Ebita 13-971 frá Melum 1 sýnir hér mikla yfirburði í fallþunga sláturlamba, 1,7 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar. Móðurfaðir Grákolla er Sveinn 10-126 frá Vatnshömrum.

Deildartunga, Reykholtisdal

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Angi	19-326	Strangi	18-689	97,5	135,2	142,5	125,1	17,9	10,3	6,3	31,0	3,0	17,7	147,4
Fönix	19-690	Dreki	13-953	98,7	105,8	101,1	101,8	18,0	9,2	6,2	28,7	3,1	17,3	150,2
Vakur	19-323	Spakur	14-801	107,1	83,4	111,7	100,7	18,7	9,0	6,9	29,5	3,1	17,3	146,5
Hulk	18-358	Rumur	17-350	91,8	117,2	92,6	100,5	17,5	9,4	6,1	27,7	3,2	17,4	145,6
Massi	19-325	Hulk	18-358	106,5	55,1	64,7	75,4	18,6	8,7	7,6	27,7	3,6	17,1	149,4
							Meðaltal	18,1	9,3	6,6	28,8	3,2	17,3	147,7

Angi 19-326 sýnir hér algera yfirburði bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatshlutanum en fallþungi er 0,2 kg undir meðaltali rannsóknarinnar. Föðurfaðir hans er Drangi 15-989 frá Hriflu. Í ættartrénu má sjá stöðvahrúta eins og Svima 14-956 frá Ytri-Skógum og Hvell 05-969 frá Borgarfelli.

Oddsstaðir, Lundarreykjadal

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Uggi	19-146	Óðinn	15-992	109,0	113,0	126,4	116,1	19,5	12,1	6,9	30,6	2,7	17,7	153,5
Baggi	17-145	Bekri	12-911	100,9	123,1	108,1	110,7	18,6	12,2	6,8	29,5	2,7	17,5	145,6
Búri	19-150	Óðinn	15-992	98,1	108,7	115,1	107,3	18,4	11,8	6,8	31,1	3,1	17,7	148,9
Tjaldur	19-148	Mávur	15-990	98,6	125,6	92,2	105,5	18,4	11,3	5,7	28,4	2,4	17,4	150,8
Funi	18-149	Bjartur	15-967	96,2	105,4	103,1	101,6	18,2	11,4	6,6	29,2	2,8	17,7	148,4
Fleygur	19-149	Angi	15-802	98,6	70,3	102,5	90,5	18,4	9,8	6,4	29,2	2,8	17,9	151,9
Austri	19-145	Fáfnir	16-995	97,5	80,7	73,1	83,8	18,3	10,8	7,0	27,5	3,0	17,3	149,2
Bolti	19-147	Köggull	17-810	100,6	57,3	65,1	74,3	18,6	9,8	6,9	28,1	3,1	17,0	148,8
							Meðaltal	18,6	11,3	6,7	29,3	2,8	17,6	148,9

Hér stendur efstur Uggi 19-146 undan Óðni 15-992 frá Skörðum og sýnir hann yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Dætur hans mælast með næstþykkastan bakvöðva en fá afgerandi besta einkunn fyrir lögun bakvöðvans. Þessar gimbrar stigast jafnframt vel fyrir frampart og læri. Fallþungi sláturlamba er 0,9 kg yfir meðaltali og gerð þeirra sú næstbesta í rannsókninni. Uggi var fenginn í afkvæmarannsókn að Hesti nú í vetur. Móðurfaðir Ugga er Bekri 12-911 frá Hesti. Baggi 17-145 sonur Bekra 12-911 stendur sig vel eins og fyrri ár. Hann skilar nú best gerða sláturlambahópnum þó ekki muni þar miklu á honum og Ugga 19-146. Móðurfaðir Bagga er Salamon 10-906 frá Hömrum. Búri 19-150 sonur Óðins 15-992 frá Skörðum á þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva og virðist hann öflugur lambafaðir eins og hálfbróðir hans Uggi 19-146.

Skarð, Lundarreykjadal

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Rósi	19-161	Dreki	13-953	102,9	96,7	125,3	108,3	15,4	8,8	5,7	29,4	1,5	17,4	140,0
Már	19-165	Mávur	15-990	110,2	101,5	106,5	106,1	16,0	9,8	6,4	27,6	1,7	17,8	137,8
Krappur	18-162	Klettur	13-962	101,0	108,5	105,5	105,0	15,2	8,9	5,3	27,8	1,2	17,3	136,1
Rumur	19-163	Spakur	14-801	101,4	95,5	95,8	97,6	15,2	9,2	6,1	27,5	1,4	17,2	136,7
Kraki	17-163	Dreki	13-953	95,1	99,6	94,0	96,2	14,7	8,4	5,3	27,1	1,5	17,4	136,8
Bergur	19-162	Bergson	14-986	90,9	97,8	73,3	87,3	14,4	8,8	5,8	25,7	1,4	17,2	136,8
							Meðaltal	15,1	9,0	5,8	27,5	1,4	17,4	137,2

Efstur stendur Rósi 19-161 sonur Dreka 13-953 frá Hriflu og sækir hann nánast alla yfirburði sína í mat á lifandi lömbum. Það er einkum yfirburðir í þykkt bakvöðva sem koma Rósa á toppinn í mati á lifandi lömbum. Móðurfaðir Rósa er Frosti 14-987 frá Ketilseyri. Már 19-165 sonur Mávs 15-990 frá Mávahlíð sýnir talsverða yfirburði í fallþunga sláturlamba og skilar jafnframt best gerða sláturlambahópnum. Móðurfaðir Más er Skratti 12-913 frá Hesti.

Ytri-Hólmur, Hvalfjarðarsveit

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Bogi	18-307	Bjartur	15-967	114,7	101,3	126,6	114,2	18,8	9,9	7,0	30,2	3,5	17,6	170,2
Giljagaur	17-364	Burkni	13-951	102,5	101,3	114,4	106,1	18,1	9,6	6,7	29,8	3,2	17,4	163,4
Kjarni	19-300	Börkur	17-842	98,8	113,7	105,0	105,8	17,8	9,5	6,2	28,5	3,2	17,7	169,7
Móði	19-309	Mávur	15-990	83,9	111,8	111,1	102,3	16,3	9,2	6,0	28,5	3,0	17,6	163,7
Kani	19-308	Fáfnir	16-995	105,0	95,6	88,8	96,5	18,2	9,5	6,8	28,4	3,6	17,5	167,5
Valdi	17-300	Krans	15-111	100,2	104,0	82,2	95,5	17,9	9,9	6,9	27,2	3,1	17,2	163,4
Eddi	19-310	Stúfur	17-362	93,6	99,0	91,8	94,8	17,4	9,2	6,5	27,9	3,1	17,4	169,6
Sprettur	19-307	Örvar	18-308	105,0	67,9	107,7	93,6	18,2	8,8	7,1	29,2	3,2	17,3	169,0
Yari	19-306	Spakur	14-801	94,6	99,5	83,8	92,6	17,5	9,1	6,3	27,3	3,0	17,3	168,6
Blær	18-300	Gils	16-444	90,0	106,0	73,7	89,9	17,2	9,3	6,3	27,2	3,4	17,3	168,3
							Meðaltal	17,9	9,4	6,6	28,6	3,3	17,5	168,1

Hér stendur efstur eins og á síðasta ári Bogi 18-307 undan Bjarti 15-967 frá Ytri-Skógum og móðurföðurfaðir hans er Kjarkur 08-840 frá Ytri-Skógum. Gimbrar undan Boga mælast með nokkuð afgerandi þykkastan bakvöðva. Sláturlömb undan honum eru tæpu kíló yfir meðaltali í fallþunga en gerð þeirra sú besta ásamt afkvæmum Valda 17-300. Næstur í heildareinkunn er Giljagaur 17-364 undan Burkna 13-951 frá Mýrum en móðir hans er frá Giljahlíð í Flókadal. Gimbrar undan Giljagaur mælast með næstþykkastan bakvöðva en útkoma hans að öðru leyti nærri meðaltölum rannsóknarinnar. Þriðji í röðinni í heildareinkunn er Kjarni 19-300 sem er undan Berki 17-842 frá Kjalvararstöðum en móðir hans er fædd í Haukatungu syðri 2 en var seld að Múlakoti í Lundarreykjadal og Kjarni þaðan fenginn að Ytra-Hólmi. Sterkasti þátturinn í niðurstöðunum hjá Kjarna er hagstæð flokkun sláturlamba.

Mýrasýsla

Gilsbakki, Hvítársíðu

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Jarl	19-376	Mávur	15-990	102,8	109,2	124,8	112,3	17,8	10,0	6,6	28,1	3,1	17,4	121,9
Leggur	19-377	Fáfnir	16-995	100,1	101,7	131,5	111,1	17,6	10,1	7,0	27,9	3,0	17,5	124,2
Roði	19-381	Spaði	18-366	95,8	119,2	102,2	105,7	17,2	9,9	6,0	26,5	3,2	17,4	123,2
Góri	19-375	Dreki	13-953	99,8	107,0	101,2	102,7	17,6	9,5	6,1	25,8	2,8	17,3	121,2
Ábóti	19-372	Kaktus	17-356	101,9	92,8	102,8	99,2	17,7	10,7	7,9	26,2	3,1	17,5	128,4
Poki	19-380	Köggull	17-810	107,7	89,2	91,1	96,0	18,3	9,9	7,3	25,9	3,3	17,4	124,6
Nikur	19-379	Dreki	13-953	96,9	86,2	99,6	94,2	17,3	9,9	7,3	25,9	3,0	17,4	121,6
Sleði	19-382	Spaði	18-366	84,1	105,9	92,5	94,2	16,2	9,4	6,0	24,6	2,3	17,0	125,1
Alvar	19-371	Guðni	17-814	104,0	94,8	79,7	92,8	17,9	10,0	7,2	25,8	3,6	17,3	127,7
Dragon	19-374	Dreki	13-953	107,4	96,3	70,7	91,5	18,2	10,4	7,5	25,3	3,9	17,2	125,9
							Meðaltal	17,6	10,0	6,9	26,2	3,1	17,4	124,1

Hér er að vanda nokkuð umfangsmikil afkvæmarannsókn og að þessu sinni eingöngu veturgamlir hrútar sem bornir eru saman. Efstur í heildareinkunn er Jarl 19-376 undan Mávi 15-990 frá Mávahlíð. Dætur hans mælast með þykkastan bakvöðva. Fallþungi sláturlamba er 0,2 kg yfir meðaltali og flokkun sláturlamba ein sú hagstæðast m.t.t. gerðar og fitu. Móðurfaðir Jarls er Hergill 08-870 frá Laxárdal. Leggur 19-377 undan Fáfni 16-995 frá Mýrum kemur sterkur út úr mati á lifandi lömbum en fallþungi sláturlamba, gerð og fita er um meðaltal rannsóknarinnar. Móðurfaðir Leggs er Burkni 13-951 frá Mýrum. Roði 19-381 er hæstur í kjötmatseinkunn í rannsókninni og fer þar vel saman góð gerð og lítil fita. Fallþungi lambanna er 0,4 kg undir meðaltali. Heimahrútar standa næstir Roða í báðar ættir en þegar kemur út á greinar ættartrésins má sjá í þriðja lið þá Dreka 13-953, Hvata 13-926, Kjark 08-840 og Knapa 07-868.

Hamraendar, Stafholtstungum

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Angason	19-253	Angi	15-802	104,2	112,4	137,8	118,2	15,0	8,6	5,9	26,1	2,6	17,1	136,7
Hlynsson	19-251	Hlynur II	17-255	100,5	107,3	118,6	108,8	14,8	8,4	5,9	26,1	3,3	17,0	132,6
Gilsson	18-253	Gils	15-036	113,2	97,0	114,6	108,3	16,0	8,9	6,8	25,2	2,9	17,1	138,1
Kraftlaus	19-255	Kraftur	11-947	99,1	108,9	100,5	102,8	14,6	8,5	5,8	23,8	2,7	17,1	131,1
Drekagrár	19-252	Dreki	13-953	96,6	93,5	95,4	95,2	14,4	7,9	5,8	23,5	2,6	17,0	140,4
Heimaræktaði	18-251		14-007	95,3	94,6	62,5	84,1	14,2	8,9	6,8	22,4	3,5	16,8	140,3
Spekingur	19-254	Spakur	14-801	92,4	81,7	70,2	81,5	14,2	8,0	6,3	23,0	3,0	16,8	138,5
							Meðaltal	14,7	8,4	6,1	24,4	2,9	17,0	136,5

Angason 19-253 undan Anga 15-802 frá Klifmýri stendur hér afgerandi efstur heilt yfir en stæstan hluta yfirburðanna sækir hann í mat á lifandi lömbum. Móðurföðurfaðir hans er Þorsti 11-910 frá Múlakoti. Hlynsson 19-251, sýnir nokkra yfirburði einkum í mati á lifandi lömbum. Faðir hans er aðkeyptur frá Dýrastöðum og rekur ættir til Hvata 13-926 og Steingríms 10-572 sem var öflugur sonur Grábotna 06-833 heima á Dýrastöðum. Gilsson 18-253 sýnir talsverða yfirburði í fallþunga. Gils faðir hans er frá Gilsbakka

sonur Saums 12-915 frá Ytri-Skógum en móðir Gilssonar er frá Stafholtsveggjum sonardóttir Þorsta 11-910 frá Múlakoti.

Höll, Þverárhlið

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ. Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur	
Gráni	19-235	Dreki	13-953	102,9	113,7	139,8	118,8	19,0	10,5	7,2	33,4	2,4	17,5	149,8
	17-240	Ebiti	13-971	93,4	115,5	105,3	104,8	18,2	9,9	6,3	32,2	2,8	17,4	134,0
	19-239	Mávur	15-990	102,3	84,2	107,4	97,9	19,0	9,8	7,4	32,1	2,6	17,3	148,8
	19-240		18-244	110,6	91,2	89,3	97,0	19,6	10,3	7,7	32,5	4,1	17,5	143,3
	19-238	Fáfnir	16-995	99,4	95,6	84,3	93,1	18,7	10,6	7,9	31,1	3,5	17,4	150,0
	19-237	Reykur	14-812	99,0	100,2	70,1	89,8	18,7	10,4	7,4	30,6	3,6	17,6	149,2
	18-244		16-231	89,0	94,8	81,7	88,5	17,8	9,4	6,7	30,3	2,9	17,2	136,2
							Meðaltal	18,8	10,2	7,2	31,9	3,0	17,4	145,3

Gráni 19-235 sonur Dreka 13-953 frá Hriflu ber alveg af í þessari rannsókn. Dætur hans mælast með þykkastan bakvöðva, fita á baki er lítil og bakvöðvinn mjög vel lagaður. Sláturlömbin eru í rúmu meðallagi hvað vænleika snertir og flokkast vel. Móðurföðurfaðir Grána er Máni 09-849 frá Hesti. 17-240, sonur Ebita 13-971 frá Melum 1 skilar áberandi fitulitlum lömbum miðað við fallþunga en gerð þeirra eigi að síður prýðileg. Þessi hrútur var einnig ofarlega á blaði í afkvæmarannsókn hér 2018 en móðurfaðir hans er Strengur 09-891 frá Árbæ.

Sámsstaðir, Hvítársíðu

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ. Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur	
Vestri	19-298	Mávur	15-990	104,2	122,1	135,8	120,7	17,3	11,1	6,2	30,1	2,4	17,7	132,1
Skúmur	19-296	Mávur	15-990	106,9	111,9	124,8	114,5	17,6	10,7	6,1	30,8	3,2	17,8	136,0
Nagli	17-285	Kjarni	13-927	97,3	109,2	113,0	106,5	16,7	10,6	6,1	30,0	3,1	17,9	136,4
Rokkur AÓ	17-286	Borkó	11-946	98,8	110,4	94,6	101,3	16,9	10,2	5,7	28,4	3,0	17,7	129,6
Bogi	18-287	Klettur	13-962	97,9	101,5	91,2	96,9	16,8	10,2	6,0	28,7	3,3	17,6	128,1
Bófi	19-294	Glæpon	17-809	108,8	89,6	84,9	94,4	17,8	10,1	6,4	28,9	3,4	17,5	134,6
Klængur	17-283	Borkó	11-946	92,1	99,5	90,9	94,2	16,3	9,9	5,8	28,2	3,0	17,5	134,9
Punktur	18-292	Bjartur	15-967	101,0	90,8	89,4	93,7	17,1	10,1	6,4	28,9	3,5	17,6	132,6
Lurkur	19-295	Bergson	14-986	91,0	94,1	95,0	93,4	16,1	9,3	5,4	28,8	3,1	17,3	137,1
Atgeir	19-293	Kraftur	11-947	96,1	97,1	79,9	91,0	16,6	9,8	5,8	26,6	2,6	17,3	130,0
Steinn	19-297	Spakur	14-801	106,3	70,3	91,0	89,2	17,4	9,5	6,5	28,6	3,2	17,6	133,9
							Meðaltal	16,9	10,1	6,0	29,0	3,0	17,6	133,0

Vestri 19-298 undan Mávi 15-990 frá Mávahlíð stendur hér nokkuð afgerandi efstur í heildina. Er hann efstur bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatshlutnum. Fallþungi sláturlamba er 0,4 kg yfir meðaltali og hann að skila nokkuð afgerandi best gerðu sláturlömbunum. Hér virðist koma fram mjög efnilegur lambafaðir. Móðurföðurfaðir er Máni 09-849 frá Hesti. Næstur í röðinni er hálfbróðir Vestra að föðurnum, Skúmur 19-296. Dætur hans mælast með þykkastan bakvöðva. Fallþungi sláturlamba er 0,7 kg yfir meðaltali og gerð þeirra sú næstbesta. Móðurfaðir Skúms er Lækur 13-928 frá Ytri-Skógum. Nagli 17-285 sonur Kjarna 13-927 frá Brúnastöðum verður hér að víkja sæti fyrir þeim Mávssonum en Nagli stóð efstur í afkvæmarannsókn hér 2019.

Borgautsstaðir 2, Hvítársíðu

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Óliver	17-164	Tinni	15-968	105,0	104,0	126,8	111,9	16,4	10,5	6,6	29,1	2,3	17,6	140,8
Grásteinn	18-168	Drangi	15-989	98,1	123,3	110,2	110,5	15,8	9,8	5,3	28,0	1,8	17,3	136,4
Skuggi	19-173	Malli	12-960	102,2	124,9	97,8	108,3	16,2	10,0	5,1	27,0	1,9	17,4	139,0
Togari	19-200	Mávur	15-990	95,1	91,3	100,7	95,7	15,4	8,6	5,4	28,0	2,2	17,3	142,1
Depill	19-172	Guðni	17-814	93,5	65,2	92,4	83,7	15,3	7,9	5,9	27,4	2,1	17,1	144,0
Alvar	19-371	Guðni	17-814	105,7	81,5	63,2	83,5	16,5	9,3	6,3	25,9	2,3	17,0	133,6
							Meðaltal	15,9	9,5	5,8	27,7	2,1	17,3	139,1

Hér ná veturgömlu hrútarnir ekki að skáka sér eldri hrútum. Óliver 17-164 sonur Tinna 15-968 frá Ytri-Skógum stendur efstur líkt og hann gerði veturgamall 2018. Þessi hrútur skilar sláturlömbum í vænni kantinum, sterkur hvað gerðina varðar en enginn fituleysishrútur. Hann skilar eins og áður yfirburðum í þykkt bakvöðvans. Móðurfaðir hans er Freyr 11-181 sem var faðir Njarðar 15-991 frá Gilsbakka. Grásteinn 18-168 sonur Dranga 15-989 frá Hriflu skilar eins og í fyrra hagstæðu kjötmati. Móðurfaðir hans er Sokki 07-835 frá Brúnastöðum. Skuggi 19-173 skilar mjög hagstæðu kjötmati en hann er sonur Malla 12-960 frá Bjarteyjarsandi og móðurföðurfaðir er Drífandi 11-895 frá Hesti.

Snæfellsnes

Haukatunga syðri 1, Kolbeinsstaðahreppi

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Tilberi	19-330	Hnikill	18-053	113,1	112,4	115,4	113,6	19,3	12,5	6,7	32,1	2,6	18,9	153,2
Skúmur	19-335	Gammur	17-504	98,3	108,9	114,4	107,2	17,6	12,2	6,9	32,6	2,6	18,4	149,1
Kjölur	19-331	Börkur	17-842	99,2	106,1	95,4	100,2	17,7	11,8	6,6	31,8	2,5	18,0	153,6
Tindur	19-332	Gosi	18-031	100,9	86,0	97,5	94,8	17,9	11,0	6,7	32,7	2,9	18,0	147,9
Andvari	19-333	Fáfnir	16-995	86,1	99,8	91,9	92,6	16,5	10,4	5,6	30,9	2,2	18,1	155,3
Þorsteinn	17-339	Steini	15-336	104,9	87,9	83,4	92,1	18,2	11,6	7,0	31,2	2,6	17,9	156,0
							Meðaltal	17,8	11,6	6,6	31,9	2,6	18,2	152,8

Tilberi 19-330 stendur hér efstur og sýnir hann yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Afkvæmi hans eru feikilega holdþétt en hafa ekki mikla tilhneingingu til að safna fitu. Þau eru jafnframt áberandi væn. Tilberi er kollóttur og keyptur frá Broddanesi 1. Skúmur 19-335 skilar hér glæsilegum lambahóp en hann er fenginn frá Gaul í Staðarsveit, sonarsonur Mávs 15-990 frá Mávahlíð.

Haukatunga syðri 2, Kolbeinsstaðhreppi

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Pendúll	18-538	Leynir	16-522	97,5	119,8	142,7	120,0	17,3	11,4	6,3	30,8	2,6	18,3	157,6
Eldur	18-541	Vafi	16-518	97,0	126,6	128,1	117,2	17,2	11,6	6,2	29,0	2,4	18,4	156,2
Máttur	19-547	Mávur	15-990	94,2	127,5	112,4	111,4	17,0	11,2	5,8	28,9	2,2	17,7	160,4
Soldán	18-539	Leynir	16-522	102,9	105,2	123,1	110,4	17,8	11,5	7,0	30,3	2,8	17,9	158,4
Goði	19-501	Bjarni	18-535	105,0	116,7	91,4	104,4	17,9	11,8	6,8	28,3	2,6	17,6	159,8
Móri	19-502	Malli	12-960	105,0	93,6	111,5	103,4	18,2	11,0	6,9	30,1	2,8	17,7	154,7
Hroki	19-546	Drjúgur	17-808	99,5	90,6	113,9	101,3	17,5	11,0	7,1	29,3	2,8	18,2	156,3
Garpur	19-500	Soldán	18-539	97,3	93,9	97,6	96,3	17,3	10,8	6,6	29,0	2,7	17,6	157,6
Galsi	19-549	Soldán	18-539	101,4	79,4	84,3	88,4	17,6	10,4	6,8	28,6	2,8	17,6	159,6
Svali	19-548	Guðni	17-814	99,3	87,0	64,7	83,6	17,5	10,8	7,0	26,9	3,3	17,6	158,7
Rafn	18-534	Ísbjörn	16-050	100,0	73,4	75,0	82,8	17,5	10,5	7,2	27,8	3,2	17,8	162,3
Már	19-503	Guðni Már	17-091	100,6	81,6	46,7	76,3	17,6	10,5	6,9	26,6	3,3	17,7	159,0
							Meðaltal	17,5	11,1	6,7	28,8	2,8	17,9	158,7

Hér er að vanda nokkuð umfangsmikil afkvæmarannsókn. Efstur stendur Pendúll 18-538 en hann er sonur Leynis 16-522 sem var faðir Kofa 18-833 frá Hesti. Dætur Pendúls fá mjög góðan dóm og mælast m.a. með þykkasta bakvöðvann. Flokkun sláturlamba er jafnframt mjög hagstæð. Móðurfaðir Pendúls er Vinur 14-966 sem var fenginn héðan í þjónustu sæðingastöðvanna. Næstur kemur Eldur 18-541 sem stóð efstur í afkvæmarannsókn hér 2019. Hann sýnir mikla yfirburði bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatinu og virðist því algerlega hafa stimplað sig inn sem úrvals lambafaðir. Eldur er sonur Vafa 16-518 sem var öflugur lambafaðir á þessu búi. Móðir Elds er sonardóttir Hergils 08-870 frá Laxárdal. Máttur 19-547 skorar hæst af veturgömlu hrútunum í rannsókninni en hann er sonur Mávs 15-990 frá Mávahlíð. Þessi hrútur sameinar ákaflega vel góða gerð en litla fitu. Móðurfaðir hans er Saumur 12-915 og er þessi hrútur nú til heimilis að Skáney í Reykholtsdal. Soldán 18-539 er sonur Leynis 16-522 sem fyrr er nefndur. Soldán kemur sterkur út úr mati á lifandi lömbum en nær ekki sama flugi í kjötmatshlutanum þar sem afkvæmi hans eru heldur í feitari kantinum en öflug hvað gerðina varðar. Soldán stóð einnig ofarlega í rannsókninni 2019. Goði 19-501 er sá hrútur sem skilar best gerða sláturlambahópnum. Hann er sonarsonur Hermils 15-098 frá Mávahlíð sem reyndist öflugur lambafaðir og móðurfaðir er Vafi 16-518 sem fyrr er nefndur.

Dalasysla

Geirshlíð, Hörðudal

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Breki	19-115	Nemó	17-126	102,1	113,4	128,2	114,6	16,5	9,1	6,3	29,4	2,4	17,6	128,7
Kaspian	17-101	Aslan	16-112	94,4	109,9	121,6	108,7	15,9	9,1	6,5	28,5	2,2	17,4	137,0
Myrkvi	19-114	Grámann	18-141	100,4	109,8	98,0	102,7	16,4	8,9	6,2	27,9	3,0	17,5	135,7
Jón	18-105	Grettir	16-449	95,9	96,9	106,0	99,6	16,0	8,2	6,1	27,3	2,3	17,6	134,5
Ramon	19-111	Logi	18-150	89,8	87,0	87,4	88,1	15,4	7,4	5,7	26,8	2,4	17,2	133,3
Atli Andri	19-112	orri	18-029	119,9	75,5	68,3	87,9	18,2	8,3	6,9	26,7	3,1	17,0	140,4
							Meðaltal	16,3	8,6	6,3	27,6	2,6	17,3	134,5

Breki 19-115 stendur hér efstur og sýnir yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar, ekki síst í þykkt bakvöðvans. Breki er hyrndur og aðkeyptur frá Ragnari á Heydalsá. Kaspian 17-101 kemur næstur og sýnir talsverða yfirburði í mati á lifandi lömbum, flokkun sláturlamba er í betri kantinum en fallþungi 0,4 kg undir meðaltali rannsóknarinnar. Föðurfaðir hans er Dúddi 14-699 frá Ósi sem reyndist öflugur kynbótahrútur á þessu svæði og er jafnframt föðurfaðir Glóins 18-845 frá Stóra-Vatnshorni. Móðurföðurfaðir er Laufi 08-848 frá Bergstöðum.

Klifmýri, Skarðsströnd

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Draumur	18-418	Klettur	13-962	102,2	122,3	116,6	113,7	16,9	10,1	6,4	29,7	2,2	17,4	147,2
Kútur	18-428	Græðir	17-410	100,6	106,2	110,0	105,6	16,8	9,3	6,1	30,3	2,5	17,6	143,7
Hnúi	19-432	Hnefi 423	18-059	113,8	102,2	99,9	105,3	17,7	9,5	6,4	29,2	2,4	17,5	148,9
Veggur	16-463	Korkur	14-425	105,5	89,5	114,6	103,2	17,1	9,7	7,0	30,4	2,5	17,3	150,2
Spúnn	17-416	Lax	16-464	113,3	88,9	101,0	101,1	17,6	9,2	6,5	29,1	2,2	17,3	148,4
Vísir	18-430	Viti	16-456	87,2	111,0	99,0	99,0	16,0	9,7	6,4	28,7	2,1	17,3	149,2
Miði	16-455	Hrauni	12-948	92,1	93,0	109,6	98,2	16,3	9,4	6,7	30,1	2,4	17,2	145,2
Pristur	19-437	Mávur	15-990	91,1	96,2	101,9	96,4	16,1	9,1	6,3	28,8	2,0	17,4	153,2
Hólmi	19-441	Hoffmann	18-006	92,4	105,0	87,5	94,9	16,2	9,5	6,4	28,3	2,3	17,1	154,2
Váli	19-445	Guðbergur	18-420	109,9	87,0	82,8	93,3	17,4	9,5	6,9	28,6	2,7	17,3	149,0
Djákni	19-444	Dalur	18-431	96,9	88,5	84,9	90,1	16,5	8,8	6,3	28,9	2,9	17,2	153,4
Mjaldur	18-426	Drangi	15-989	87,8	108,0	67,3	87,7	16,0	8,8	5,6	26,6	2,2	17,0	148,3
							Meðaltal	16,8	9,4	6,4	29,2	2,3	17,3	148,5

Draumur 18-418 undan Kletti 13-962 frá Borgarfelli stendur hér nokkuð afgerandi efstur í heildareinkunn. Fallþungi sláturlamba er um meðaltal rannsóknarinnar en gerð þeirra afgerandi best og fita á meðaltali. Mat á lifandi lömbum er sömuleiðis hagfellt. Draumur stóð næstefstur í afkvæmarannsókn hér 2019 og staðfestir því hér að hann er allrar athygli verður. Að baki honum móðurmegin standa í annan lið þeir Guffi 08-869 frá Garði og Gosi 09-850 frá Ytri-Skógum.

Kringla/Svalbarð, Miðdölum

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Siggi feiti	19-636	Sjobbi	18-085	123,9	121,1	116,1	120,4	18,5	11,1	7,0	29,7	2,4	17,7	130,5
Vinur	18-615	Traustur	17-788	95,4	113,9	135,3	114,9	16,4	9,6	6,1	30,1	2,1	17,5	131,3
Pétur	18-630	Fleki	16-006	117,4	104,3	111,8	111,2	18,4	10,1	6,6	29,9	2,6	17,4	128,2
Simbi	18-626	Bjartur	15-967	103,3	106,0	91,9	100,4	17,0	9,7	6,4	28,3	2,7	17,5	130,4
Valur	16-017	Dúddi	14-699	86,6	100,6	109,4	98,9	15,9	8,9	5,9	29,1	2,4	17,4	121,8
Vilji	19-637	Mávur	15-990	92,4	92,1	107,1	97,2	15,9	8,6	6,0	29,0	2,9	17,9	135,0
Hraði	19-633	Mikki	18-629	91,4	89,0	63,0	81,1	16,1	8,4	5,8	27,1	3,1	17,1	129,8
Ótti	19-634	Guðni	17-622	99,5	62,0	46,0	69,1	16,7	7,7	6,0	26,2	3,2	17,1	136,2
							Meðaltal	16,7	9,3	6,2	28,8	2,6	17,5	129,1

Siggi feiti 19-636 stendur hér efstur og sýnir mikla yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Sláturlömb undan honum eru 1,8 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar og er það ekki vegna aldursmunar. Jafnframt ber þessi hópur af hvað gerðina varðar en eru jafnframt feitust sem eðlilegt má telja. Siggi þessi er aðkeyptur frá Vatni en á að stórum hluta ættir að rekja til Borgarfjarðar s.s. að Hesti, Bakkakoti og Giljahlíð. Stöðvahrútar eru ekki áberandi í ættartrénu en MFF er Frosti 07-843 frá Bjarnastöðum í Öxarfirði. Vinur 18-615 á þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva. Þessi hrútur er aðkeyptur frá Hesti og er samfeðra Ramma 18-834 og móðir hans er dóttir Dreka 13-953 frá Hriflu. Pétur 18-630 sýnir mikla yfirburði í fallþunga sláturlamba þrátt fyrir að sláturlömb undan honum séu síst eldri en aðrir lambahópar. Flokkun sláturlamba er jafnframt hagstæð miðað við þunga. Pétur er fenginn frá Hlíð í Hörðudal og er samfeðra Glóinn 18-845 frá Stóra-Vatnshorni. Móðir Péturs er aðkeypt frá Gaul í Staðarsveit og standa þeir Prúður 11-896 frá Ytri-Skógum og Gaur 09-879 frá Bergsstöðum á bak við hana í öðrum ættlið.

Skerðingsstaðir, Hvammssveit

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Purkur	19-237	Fáfnir	16-995	103,6	135,4	122,7	120,5	16,9	9,9	5,4	29,1	2,5	17,6	143,0
Gylfi sig	18-256	Kollur	15-983	109,2	100,9	123,4	111,2	17,5	9,6	6,4	28,6	1,7	17,3	145,4
Rúrik Gísla	18-257	Klettur	13-962	112,2	106,7	103,6	107,5	17,6	9,6	6,3	27,9	2,5	17,4	143,1
Naggur	19-238	Toppur	15-231	95,0	125,2	96,1	105,5	16,1	9,7	5,8	27,6	2,8	17,5	146,3
Dvergur	19-230	Guðni	17-814	103,1	107,2	106,0	105,4	16,8	8,8	5,5	27,9	2,4	17,4	146,0
Kútur	19-232	Dreki	13-953	93,1	118,9	104,3	105,4	15,9	9,2	5,4	28,2	2,6	17,3	146,3
Veiðimaður	19-240	Toppur	15-231	106,9	98,2	108,7	104,6	17,2	8,9	5,9	28,6	2,5	17,3	141,5
Hnerrir	19-236	Fáfnir	16-995	104,5	74,4	85,0	88,0	17,0	8,9	6,9	26,9	2,5	17,1	140,5
Álfur	19-235	Kraftur	11-947	86,9	81,7	86,5	85,0	15,4	8,4	6,2	26,3	2,3	17,2	141,1
Krapi	17-244	Fans	13-246	88,9	64,2	66,8	73,3	15,7	8,3	6,6	26,2	3,1	17,2	145,6
							Meðaltal	16,5	9,1	6,0	27,7	2,5	17,3	143,9

Purkur 19-237 stendur hér afgerandi efstur í heildareinkunn. Dætur hans mælast með þykkastan bakvöðva og stigast best fyrir framt og læri. Sláturlömb undan Purki standa sömuleiðis efst fyrir gerð en eru jafnframt mjög fitulítill. Purkur er sonur Fáfnis 16-995 frá Mýrum og í móðurætt rekur hann sig í Frosta 07-843 frá Bjarnastöðum og Yl 05-151 sem reyndist mikill kynbótahrútur hér í sveit, sonur Hyls 01-883 frá Hesti. Gylfi Sig 18-256 sýnir mikla yfirburði í mati á lifandi lömbum og eru þau jafnframt áberandi fitulítill

en fallþungi sláturlamba er samt sem áður 1 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar. Þessi kappi er sonur Kolls 15-983 frá Árbæ. Líkt og 2019 skilar Rúrik Gísla 18-257 um margt áhugaverðum niðurstöðum en hann er sonur Kletts 13-962 frá Borgarfelli. Að baki honum í annan lið í móðurætt eru þeir Saumur 12-915 frá Ytri-Skógum og Gumi 09-880 frá Borgarfelli.

Skörð, Miðdölum

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
	18-054	Bjartur	15-967	136,9	100,9	134,2	124,0	18,8	9,9	6,9	31,5	2,9	17,9	151,5
Dindill	19-058		18-054	98,1	114,7	128,3	113,7	16,2	9,2	5,7	31,6	2,7	17,6	125,9
	17-058	Óðinn	15-992	85,5	114,4	105,0	101,6	15,3	9,0	5,5	30,4	2,7	17,4	134,3
	19-055		17-058	100,0	97,5	106,0	101,1	16,3	9,3	6,4	30,2	2,6	17,5	130,4
	19-051	Askur	16-001	95,6	99,1	103,6	99,4	15,9	8,7	5,8	30,3	2,9	17,5	130,7
	18-051	Geisli	15-344	93,8	112,5	83,2	96,5	15,9	8,8	5,4	28,5	2,6	17,5	132,1
Siggi Svavars	19-052	Svavar	16-830	84,4	99,6	93,3	92,4	15,0	8,4	5,4	29,0	2,5	17,4	126,4
	19-056		17-060	98,8	80,6	80,5	86,7	16,2	8,9	6,6	28,5	2,9	17,5	132,6
	19-057		18-054	102,5	81,7	64,1	82,8	16,5	8,7	6,4	28,3	3,0	17,2	134,0
	19-054		17-053	98,0	79,4	65,6	81,0	16,1	8,8	6,6	28,3	2,8	17,3	137,0
							Meðaltal	16,3	9,0	6,0	29,9	2,8	17,5	134,4

Hér stendur efstur 18-054 sonur Bjarts 15-967 frá Ytri-Skógum og stóð hann einnig ofarlega í afkvæmarannsókn hér 2019. Móðurfaðir hans er Putti 11-921 frá Álftavatni. 18-054 er með háar einkunnir fyrir fallþunga og líflömb en rétt er að benda á að sláturlömb hans eru umtalsvert eldri en hinna hrútanna. Hann á jafnframt best gerðu sláturlömbin en þar sem þau eru þetta eldri og aðeins feitari en hinir hóparnir liggur kjötmatseinkunn við meðaltal rannsóknarinnar. Eigi að síður er þessi hrútur áreiðanlega öflugur lambafaðir. Sonur hans Dindill 19-058 kemur næstur en hann á aftur yngsta sláturlambahópinn. Hann er greinilega að skila góðum þroska miðað við marga hinna hrútanna og gimbrar undan honum mælast með þykkastan bakvöðva.

Svarfhóll, Laxárdal

Nafn	Faðir Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
	18-502	Svali	14-071	114,7	123,7	168,9	135,8	19,3	11,5	7,0	31,5	2,6	17,8	148,8
	18-510		14-507	97,2	105,8	129,3	110,8	17,9	10,2	6,5	30,4	2,7	17,5	144,2
	19-514		18-501	89,0	110,0	133,0	110,6	17,0	10,3	6,4	30,0	2,4	17,5	148,3
Blævar	19-007	Stígur	15-332	94,6	116,9	116,8	109,5	17,6	10,6	6,4	29,2	2,5	17,4	156,2
	19-510		18-501	105,0	114,9	102,4	107,4	18,6	11,0	6,8	28,6	2,8	17,4	154,0
	19-501		18-502	104,3	106,4	111,0	107,2	18,5	11,0	7,2	28,7	2,4	17,4	150,4
	18-501	Gumi	17-515	100,7	105,3	111,8	106,0	18,2	10,4	6,6	29,1	2,5	17,3	147,3
Dali	17-011	Kústur	14-965	90,5	119,0	105,8	105,1	17,5	10,9	6,8	28,8	2,8	17,4	143,7
	17-504	Tinni	15-968	99,7	101,9	112,0	104,6	18,1	11,2	7,6	29,7	3,1	17,6	148,3
	18-514		16-501	98,3	113,3	102,2	104,6	18,0	10,6	6,6	28,3	2,9	17,8	148,4
	19-519	Prúður	18-518	85,7	115,2	111,7	104,2	16,8	10,4	6,4	28,6	2,7	17,8	154,2
	19-508		17-503	98,3	113,0	99,7	103,7	18,0	11,1	7,0	28,9	3,2	17,5	146,4
	18-513	Fjalar	16-507	95,9	104,1	108,0	102,7	17,8	11,0	7,3	28,9	2,9	17,5	150,1
	19-505	Geisli	16-505	92,5	94,0	120,5	102,3	17,5	10,0	6,8	30,4	3,0	17,5	147,4
Galsi	19-509	Geisli	16-505	104,8	101,8	99,3	102,0	18,6	11,1	7,4	28,5	2,9	17,5	150,9
Prúður	18-518		16-501	99,3	108,2	93,4	100,3	18,1	10,6	6,7	27,9	2,9	17,5	146,6
	17-506	Dreki	13-953	95,0	108,9	95,6	99,8	17,8	10,3	6,4	28,5	2,9	17,3	140,6
	19-518	Geisli	16-505	106,5	104,5	87,4	99,5	18,8	10,9	7,1	28,3	3,3	17,5	153,9
Láki	18-500	Frami	17-519	93,9	103,3	97,6	98,2	17,7	10,3	6,7	28,3	2,6	17,3	144,1
	18-507	Stígandi	16-508	109,3	109,6	75,8	98,2	18,9	11,1	7,1	27,2	3,0	17,2	145,3
	19-503		18-502	105,1	73,9	113,0	97,3	18,6	9,9	7,4	29,9	2,9	17,3	145,3
Fannar	18-003	Kollur	15-983	97,5	98,0	95,8	97,1	17,9	10,7	7,2	29,2	3,5	17,5	143,7
	18-508		16-501	108,9	100,8	80,6	96,8	19,1	11,0	7,3	27,5	3,5	17,8	149,7
	19-504		18-507	103,4	88,6	97,1	96,4	18,5	10,6	7,4	28,3	2,7	17,6	150,9
	18-512	Baukur	15-818	101,3	107,1	79,2	95,8	18,3	11,1	7,3	27,8	3,3	17,5	145,7
	17-502		16-510	115,6	80,1	90,9	95,5	19,3	10,5	7,5	28,2	2,8	17,5	156,1
	18-505		16-510	95,3	98,6	92,6	95,5	17,8	10,4	7,0	28,5	3,3	17,4	147,8
	19-502	Dagur	18-791	94,8	101,4	87,4	94,5	17,7	10,1	6,5	27,8	2,4	17,0	147,4
	19-520		18-502	93,0	81,6	104,6	93,1	17,5	9,4	6,7	28,1	2,3	17,4	153,7
	19-506	Áll	18-504	104,0	87,6	85,5	92,3	18,5	10,7	7,6	28,9	3,4	17,3	148,5
	17-503	Ebiti	13-971	99,9	87,7	86,2	91,2	18,1	10,3	7,2	28,2	3,0	17,3	154,8
Megas	18-002	Kollur	15-983	94,3	90,4	86,6	90,4	17,7	10,2	7,1	27,3	2,7	17,4	141,8
Orrí	18-506	Stígandi	16-508	94,9	73,1	89,2	85,7	17,8	9,6	7,0	28,0	2,7	17,2	141,4
	17-511	Dreki	13-953	114,2	82,1	59,5	85,3	19,2	10,2	7,2	27,0	3,2	17,2	154,3
	18-503	Guðmundur E	17-087	96,5	78,7	57,2	77,4	17,9	10,1	7,4	26,5	3,6	17,5	148,2
							Meðaltal	18,2	10,5	7,0	28,6	2,9	17,4	148,0

Að þessi sinni var hér gerð upp afkvæmarannsókn á vegum sauðfjársæðingastöðvanna fyrir hluta af hrútum þessa stóra bús og eru þær niðurstöður kynntar með niðurstöðum afkvæmarannsókna á vegum stöðvanna 2020. Hér er hinsvegar mun stærri rannsókn gerð upp en lambaskoðun í ár var óvenju umfangsmikil og dæmdar um 530 gimbrar á búinu. Einn hrútur sker sig verulega úr annars öflugum hópi hrúta en það er 18-502 og stendur hann jafnframt með hæstu heildareinkunn hrúta í afkvæmarannsóknum í landinu þetta árið. Þessi hrútur var einnig efstur í stórrí rannsókn hér 2019 en yfirburðir hans eru enn meiri að þessu sinni. Í mati á lifandi lömbum er bakvöðvapykk hjá dætrum hans um 3 mm yfir meðaltali rannsóknarinnar og lögun bakvöðvans sú besta. Stigun fyrir frampart og læri er

sömuleiðis ákaflega glæsileg fyrir þetta stóran hóp. Þetta endurspeglast vel í kjötmatinu þar sem enginn hrútur skilar jafn góðri gerð sláturlamba. Fimmtíu sláturlömb með 11,5 í gerð á meðan meðaltal gerðar þessarar stóru rannsóknar er 10,5. Fallþungi sláturlamba er 1,1 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar en fita á þessum lömbum er á meðaltalinu. Hér var því ákaflega athygliverður lambafaðir á ferð en honum entist ekki aldur til frekari afreka. Þessi hrútur var aðkeyptur frá Broddanesi 1. Annar í röðinni í heildareinkunn er 18-510 en hann sækir yfirburði sína að mestu í mat á lifandi lömbum og þá ekki síst þykkan bakvöðva. Þessi hrútur er dóttursonur Bauks 15-818 frá Hrappsstöðum. 19-514 sækir sömuleiðis yfirburðina að stórum hluta í mat á lifandi lömbum en þessir tveir hrútar eiga líka sameiginlegt að skila fitulitlum lömbum. 19-514 er hyrndur, faðir hans aðkeyptur frá Geirmundarstöðum. Blævar 19-007 skilar nokkrum yfirburðum bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatshlutanum. Hann er sonur Stígs 15-332 frá Leiðólfsstöðum sem var sonur Hvata 13-926 frá Hesti. Stígur reyndist prýðilegur lambafaðir. Móðir Blævars er dóttir Bauks 15-818 frá Hrappsstöðum og tilheyrir Blævar raunar Hrappsstaðahjörðinni.

Barðastrandarsýslur

Brjánslækur, Barðaströnd

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Deddi	19-225	Klettur	18-026	105,6	112,0	116,0	111,2	19,6	11,5	7,3	30,8	2,5	18,0	142,3
Djákni	19-221	Baldur	18-209	105,4	113,9	113,8	111,0	19,6	10,4	6,1	31,2	2,7	18,1	139,6
Bútur	18-211	Ærinn	15-233	92,6	103,1	123,8	106,5	18,5	10,8	7,1	31,9	2,7	18,3	133,6
Asi	17-201	Ölver	16-246	93,9	96,1	127,3	105,8	18,5	10,7	7,2	32,0	2,6	18,2	134,0
Baldur	18-209	Aragon	17-206	99,8	107,5	102,9	103,4	19,1	10,6	6,7	31,3	2,8	17,8	134,7
Björn bróðir	18-216	Pjakkur	17-246	105,1	111,7	91,2	102,7	19,5	11,1	7,0	30,4	3,0	18,0	137,0
Drési	19-222	Asi	17-201	101,0	108,0	92,0	100,4	19,2	10,4	6,4	29,9	2,6	17,7	134,8
Dropi	19-223	Bakkus	18-212	90,9	108,5	98,4	99,3	18,1	10,6	6,5	30,0	2,9	18,2	129,0
Dróni	19-219	Bútur	18-211	109,9	94,8	88,3	97,7	20,0	10,7	7,3	29,7	2,6	17,7	136,1
Aragon	17-206	Ögri	16-241	105,4	85,3	95,1	95,3	19,5	10,5	7,4	30,9	3,1	17,8	134,9
Drumbur	19-224	Bútur	18-211	91,0	100,4	93,8	95,1	18,2	10,5	6,8	29,1	2,3	18,0	139,9
Björgólfur	18-217	Ölver	16-246	102,2	85,9	95,7	94,6	19,2	10,3	7,2	30,8	3,0	17,9	138,1
Ari	17-204	Örri	16-244	97,0	84,4	90,0	90,5	18,8	10,8	7,8	29,9	3,1	18,2	133,1
Dýrðlingur	19-220	Öðlingur	16-245	97,3	89,1	76,2	87,6	18,8	11,3	8,2	28,9	2,7	17,8	139,8
							Meðaltal	19,1	10,7	7,0	30,3	2,7	18,0	136,1

Deddi 19-225 stendur efstur í heildina og er þessi hrútur að skila best gerða sláturlambahópnum. Afkvæmin eru 0,5 kg yfir meðaltali fyrir fallþunga en einnig eru þau heldur feitari en meðal afkvæmahópurinn. Deddi er aðkeyptur frá Árbæ og dóttursonur Spotta 13-942 frá Árbæ. Djákni 19-221 stendur skammt að baki Dedda í heildareinkunn þó mat á afkvæmum þessara hrúta í sláturhúsi sé talsvert ólíkt og greinilegt að afkvæmi Djákna hafa ekki ríka tilhneigingu til að safna fitu. Þeir Bútur 18-211 og Asi 17-201 eru að koma vel út úr mati á lifandi lömbum og mælast dætur þeirra með þykkastan bakvöðva í

rannsókninni. Bútur er aðeins skyldleikaræktaður afkomandi Safírs 10-932 frá Brjánslæg og Asi er sonur Ölvers 16-246 sem er jafnframt móðurfaðir Búts.

Grænahlið, Ketildölum

Nafn	Faðir Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Postuli	17-668	Alur	16-529	101,4	135,1	120,6	119,0	18,1	11,9	7,0	30,0	3,8	17,7	131,3
	19-125	Asi	17-201	102,2	110,9	121,4	111,5	18,2	11,5	7,4	31,2	4,4	17,7	131,2
Askur	19-006	Koniak	18-006	95,0	122,4	108,3	108,6	17,7	10,6	6,1	30,0	4,2	17,5	130,1
Garpur	19-008	Heiðar	17-662	101,5	116,1	107,5	108,3	18,1	10,8	6,4	29,4	3,8	17,5	132,4
Djåkni	19-004	Dýrlingur	18-005	90,7	107,9	123,5	107,4	17,2	11,0	6,9	31,3	4,5	18,0	128,1
Skalli	19-001	Smári	17-663	100,0	113,4	93,1	102,2	18,0	11,6	7,4	29,6	4,7	17,6	133,7
Ýmir	18-003	Lárus	15-567	110,5	107,0	85,4	100,9	18,7	11,1	7,2	29,6	4,4	17,1	129,4
Vilji	19-009	Postuli	17-668	99,1	102,5	96,8	99,5	17,9	10,7	6,9	29,0	4,2	17,6	128,2
Prymur	18-002	Postuli	17-668	109,8	89,2	90,2	96,4	18,7	11,2	7,8	29,5	4,4	17,3	132,3
Messías	18-001	Lúsífer	17-666	82,4	84,5	118,1	95,0	16,8	10,3	7,0	31,4	4,4	17,5	122,3
Fenrir	19-011	Smári	17-663	99,7	79,5	82,7	87,3	18,0	9,9	6,9	29,3	4,3	17,2	127,8
James Bond	18-007	whiský	15-563	105,3	60,9	76,2	80,8	18,4	9,5	7,0	28,9	4,1	17,0	130,2
							Meðaltal	18,0	10,8	7,0	29,8	4,3	17,4	129,4

Hér stendur efstur Postuli 17-668 en hann hefur áður verið meðal öflugustu hrúta í afkvæmarannsókn búsins. Í ár er hann að skila best gerða sláturlambahópnum. Postuli á ættir að rekja til Jóns Viðars 15-562 og Lauks 08-217 sem báðir hafa verið mjög öflugir lambafeður á þessu svæði. Veturgamall kollur er næstur í röðinni og er hann aðkeyptur frá Brjánslæg og undan Asa 17-201 sem nefndur er í umfjöllun fyrir Brjánslæg. Þessi hrútur var eingöngu notaður á gimbrar sem hefur væntanlega einhver áhrif á niðurstöðuna. Askur 19-006 er að skila mjög hagstæðri flokkun sláturlamba þó fallþungi sé aðeins undir meðaltali. Aðeins einn stöðvahrút er að finna í ættartré Asks en föðurfaðir hans var aðkeyptur frá Ketilseyri og móðurfaðir aðkeyptur frá Mjólkárirkjun sonur Gutta 12-030 sem stendur á bak við fleiri góða lambafeður á þessu svæði. Djákni 19-004 á þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva. Sláturlömb hans flokkast jafnframt vel þó fallþungi sé 0,8 kg undir meðaltali. Föðurfaðir hans er Postuli 17-668 en móðurfaðir Gutti 12-030 sonur Gosa 09-850 frá Ytri-Skógum og raunar er Djákni talsvert skyldleikaræktaður afkomandi Gutta 12-030.

Hríshóll 2, Reykhólasveit

